

# Helstu fréttir

## Sveitarfélagið Stykkishólmur

6. tbl. 3. árg.

12. júní 2025

### Miklar framkvæmdir í Stykkishólmi



Hér má sjá fjórbylin þrjú sem verið er að byggja fyrir Brák íbúðafélag. Lengst til hægri er svo fjórða fjórbylið sem selt verður á almennum markaði. Ef vel er að gáð má sjá toppinn á kirkjunni teygja sig upp fyrir fremsta húsið.

Það eru víða framkvæmdir í Stykkishólmi um þessar mundir, bæði á vegum sveitarfélagsins og annarra. Víkurhverfið heldur áfram að stækka en öll fjögur fjórbylishúsin sem Búðingar ehf. eru með í smíðum eru risin, en þar af eru þrjú fyrir Brák íbúðafélag. Ski-

pavík hefur nú reist þrjú hús í hverfinu og Stólpi ehf. hyggst reisa tíu litlar íbúðir við Bauluvík 1, en tillaga þeirra að breytingu á deiliskipulagi er nú í ferli eins og fram kemur aftar í blaðinu. Það er þó víðar en í Víkurhverfi sem hamarinn er á lofti en framkvæmdir standa yfir við heitu pottana í

sundlaug Stykkishólms auk þess sem vinna við að endurnýja parket á íþróttasal er hafin. Jafnt og þétt er unnið að því að standsetja nýju húsin á lóð grunnskólans en gert er ráð fyrir að þau verði klár fyrir næsta skólaár. Við Aðalgötuna er nú búið að steypa fall-eg bílaplön við Aðalgötu

16 og nýja gangstétt fyrir framan húsið. Malbikun Akureyrar leggur leið sína vestur í sumar og mun fyrirtækið meðal annars malbika hluta af Víkurhverfi, göngustíga og fleira. Það er því ljóst að það nóg um að vera og blómlegir tímar framundan í Hólminum.

## Bæjarstjórn unga fólksins



Hera Guðrún Ragnarsdóttir, fulltrúi bæjarstjórnar unga fólksins, stýrði fundi.

Annar fundur bæjarstjórnar unga fólksins fór fram miðvikudaginn, 7. maí. Bæjarstjórn unga fólksins er skipuð

ungmennum úr ungmennaráði sem sjá um fundarstjórn og undirbúning fundar. Á fundinum kynntu fulltrúar

bæjarstjórnar unga fólksins áherslumál sín og bæjarfulltrúar brugðust við. Á fundinum var bæjarstjórn Stykkishólms

hvött til að beita sér fyrir því að fjölga ferðum í skólaakstri til Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Bæjarstjórn unga fólksins hvatti til þess að þrýst verði á Vegagerðina til að malbika Aðalgötu frá Bónus og upp úr bænum sem allra fyrst. Þá var einnig vakin athygli á að víða mætti bæta vegi og gangstéttir innanbæjar. Ástand knattspyrnuvalla var tekið til umræðu á fundinum, auk samgöngumála og skólamála. Fundurinn var einnig tekinn upp og er nú aðgengilegur á youtuberás sveitarfélagsins.



### Íslandsmeistarar í 2. Deild

Strákarnir okkar í 11.flokki gerðu sér lítið fyrir og urðu Íslandsmeistarar í 2.deild í körfuknattleik í maímánuði. Snæfell spilaði úrslitaleik gegn Stjörnunni/KFG í Umhyggjuhólinni og endaði leikurinn 75-107. Þetta var

afar glæsilegur árangur ekki síst fyrir þær sakir að Snæfell vann sig upp úr 3.deildinni í fyrra. Þjálfarar strákana eru þeir Juan Luis Navarro og Gunnlaugur Smásson. Sveitarfélagið óskar strákunum til hamingju með frábæran árangur.



### Viðvera á Höfðaborg

Undanfarna daga hafa Jakob Björgvin, bæjarstjóri, og Gyða Steinsdóttir, fjármála- og skrifstofustjóri, verið með fasta viðveru á skrifstofu Höfðaborgar frá kl. 10:00 til 12:00 og verið þar til viðtals fyrir þá sem áhuga hafa á. Daga-

na 11. og 12. júní var Dagur Emilsson, nýráðinn verkefnastjóri framkvæmda- og eigna, með viðveru á Höfðaborg en hann gekk á milli íbúða og bauð íbúum til samtals um verkefni og viðhald á húsnaðinu.



## Sumarnámskeið fyrir börn

Undanfarin ár hefur sveitarfélagið boðið upp á leikja- og ævintýranámskeið fyrir yngri bekkigrunnskólans eftir skólaslit að vori. Námskeiðin eru fjölbreytt en

farið er í leiki, hjólatúra, sund, grillað saman og ýmislegt fleira. Lögð er áhersla á gleði og hreyfingu. Fyrstu námskeið hófust 10. júní.



## Vinnuskólinn hefst mánudaginn 16. júní

Sveitarfélagið Stykkishólmur býður nendum í 7. - 10. bekk með lögheimili í Stykkishólmi sumarvinnu í vinnuskólanum. Vinnuskólinn er oftast fyrsta launaða vinna unglinna og því

mikilvægur grunnur til að byggja á. Vinnuskólinn hefst mánudaginn 16. júní næstkomandi en nú þegar hafa nokkrir sumarstarfsmenn tekið til starfa í áhaldahúsi sem vinna nú að því að slá og snyrta bæinn.

## Þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur



Guðrún Magnea Magnúsdóttir var fjallkonan árið 2018 en spenna ríkir jafnan fyrir því meðal bæjarbúa að sjá hver þrýðir búninginn ár hvert.

Þjóðhátíðardagur okkar íslendinga verður haldinn hátíðlegur um land allt þriðjudaginn 17. júní. Hátíðardagsskráin í Stykkishólmi er

ekki af verri endanum frekar en vanalega en hægt er að kynna sér viðburðarríka dagskrá á baksíðu blaðsins. Þjóðhátíðarnefndin

hvetur fólk til að klæðast þjóðbúningum eða vera með stúdentshúfur eða önnur höfuðföt í tilefni dagsins.

## Höfðaborg á facebook

Búið er að setja upp nýja síðu fyrir Höfðaborg á facebook. Á henni birtast vikulegir matseðlar, upplýsingar um viðburði á Höfðaborg, myndir frá starfinu og fleira skemmtilegt. Íbúar á Höfðaborg og aðrir áhugasamir eru hvattir til að fylgja síðunni og fylgjast þannig með starfinu á Höfðaborg.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.

## Deiliskipulagsbreyting í Víkurhverfi kynnt íbúum



*Hilmar Hallvarðsson, formaður skipulagsnefndar, stýrði fundi.*

Kynningarfundur vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Víkurhverfi var haldin miðvikudaginn 4. júní síðastliðinn á Amtsbókasafninu í Stykkishólmi. Á fundinum kynnti skipulagshö-

nuður tillöguna. En hún snýr að lóð D, Bauluvík 1, sem fyrirtækið Stólpi ehf. fékk úthlutað í mars síðastliðnum. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að byggðar verði tíu íbúðir á lóðinni, en núgildandi skipulag

gerir ráð fyrir fjórum til sex íbúðum. Þá er einnig gert ráð fyrir að bílastæðum fjölgi úr sjö í tíu. Rúmlega 20 manns mættu til fundar og mynduðust töluverðar umræður. Hægt er að kynna sér tillöguna á

vefsíðu sveitarfélagsins. Þá er einnig hægt að senda inn athugasemdir vegna tillögunnar í gegnum skipulagsgáttina. Athugasemdir skulu berast eigi síðar en 2. júlí 2025.

## Aflraunakeppnin Fjallkonan í Stykkishólmi



*Mynd frá Vestfjarðarvíkingnum árið 2020.*

Aflraunakeppnin Fjallkonan fer fram 14. og 15. júní næstkomandi. Um er að ræða kraftakeppni kvenna sem fram fer í Snæfellsbæ og Stykkishólmi. Keppt verður í Snæfellsbæ laugardaginn 14. júní og hefjast leikar kl. 12:00 við Pakkhúsið þar í bæ. Seinni keppnisdagur fer fram í Stykkishólmi sunnudaginn 15. júní og hefjast keppni kl. 12:00 við Stykkishólmskirkju. Þrjár greinar verða á dagská í Stykkishólmi en sú fyrsta fer fram við Stykkishólmskirkju, önnur á

túninu við Hótel Egilsen og sú þriðja og síðasta uppi í Súgandisey. Keppnin var fyrst haldin í fyrra þar sem margar af sterkustu konum landsins tóku á honum stóra sínum, en þar að auki komu keppendur að utan líka. Mikil ánægja var með keppnina og er hún nú haldin í annað skipti. Fleiri keppendur eru skráðir til leiks í ár og engu til sparað í undirbúningi vegna keppnarinnar. Þetta ætti enginn að láta framhjá sér fara.

## Sátan heppnaðist vel



Það er stór hópur fólks sem leggur sitt að mörkum til að gera Sátuna að veruleika. Mynd af facebooksíðu Sátunnar.

Tónlistarhátíðin Sátan fór fram dagana 5.-7. júní í Stykkishólmi og setti hún sannarlega svip sinn á bæinn. Hátíðin var fyrst haldin í fyrrasumar og tókst vel til en sama má segja um hátíðina nú í ár sem fór fríðsamlega og vel fram. Bærinn iðaði af mannlífi og var ekki annað að sjá en veitingastaðir og þjónustuaðilar í bæ-

num hefðu í nægu að snúast á meðan hátíðin gekk yfir. Tjaldsvæðið var vel nýtt og mikið bókað á hótélum og gististöðum í Stykkishólmi og nágrenni í tengslum við hátíðina. Lögreglan var áberandi eins og vant er þegar stórar tónlistarhátíðir fara fram, að sögn lögreglu fór hátíðin vel fram og engin vandræði á ges-

tum hátíðarinnar. Jakob Björgvin, bæjarstjóri, setti hátíðina með stuttu ávarpi áður en tónleikar hófust á fimmtudeginum. Í ávarpi bæjarstjóra kom fram að Sátan væri frábær viðbót við þá fjölbreyttu menningarflóru sem samfélagið hér státar af. Þá sagði hann fátt annað en gott hafa heyrst eftir hátíðina í fyrra, bæði frá þeim

sem komu að hátíðinni með einum eða öðrum hætti, tónleikages-tum og öðrum bæjarbúum. Umgengni var til fyrirmyndar og gestir Sátunnar aúfúsugestir um allan bæ. Búið er að tilkynna dagsetningar fyrir hátíðina á næsta ári en þá verður Sátan haldin í Stykkishólmi dagana 4. - 6. júní 2026.



Jakob Björgvin, bæjarstjóri, opnaði hátíðina með stuttu ávarpi áður en tónleikar hófust.



Það ætlaði allt um koll að keyra þegar Skálmöld lokaði hátíðinni með þjóðlegu vikingarokki á laugardagskvöldi.

## Aðsend grein - Guðrún Magnea Magnúsdóttir skrifar:

### Hagkerfi heimabyggðar – hvernig þín viðskipti hafa áhrif



Ljúfmetismarkaður í Hólminum árið 2016.

Við gerum okkur flest grein fyrir mikilvægi þess að halda verslun og þjónustu í heimabyggð – en hversu staðföst erum við í að fylgja því eftir? Hversu mikið leggjum við raunverulega upp úr því að viðskipti haldist innan samfélagsins okkar? Viðskipti í heimabyggð stuðla almennt að sjálfbærni, þar sem þau hafa jákvæð áhrif á þrjár grunnstoðir hennar; samfélagið, efnahaginn og umhverfið. Hugtakið „heimabyggð“ er afstætt, allt eftir því hvernig hver og einn lítur á umhverfi sitt. Er heimabyggðin bundin sveitarfélagsmörkum? Nær hún yfir nágrannasveitarfélög? Landshlutann? Eða jafnvel allt landið? Telst það stuðningur við heimabyggð að versla í stórfyrirtæki í heimbænum, eða er það fremur að versla í rótgrónu íslensku fyrirtæki í næsta bæjarfélagi? Hvort tveggja styður við ver-

slun á svæðinu en getur þó haft mismunandi áhrif. Það sem við þurfum að leitast við er að velja þá kosti sem styrkja staðbundna starfsemi meira en aðila sem hafa lítil eða engin félagsleg og efnahagsleg áhrif á nærumhverfið.

#### Ekki er allt gull sem glóir

Lítill, staðbundin og oft fjölskyldurekin fyrirtæki eru hryggjarstykki landsbyggðarinnar. Þau einkennast af persónulegri þjónustu og sterkum hefðum, auk þess sem þau mæta þörfum samfélagsins með nýsköpun og sköpunargáfu. Þegar við styðjum við staðbundið frumkvöðlastarf, stuðlum við að blómlegu umhverfi fyrirtækja og samfélags þar sem fjármagn helst innan svæðisins og allir njóta góðs af.

Þessi persónulega þjónusta í smærri byg-

gðum er verðmæt og í raun ómetanleg. Þó er þróunin á þann veg að fleiri og fleiri velja að versla vörur á netinu. Það getur auðvitað verið hentugt, sérstaklega þegar vöruúrval er takmarkað í nærumhverfinu eða kostnaður lægri annars staðar. En þegar samfélagið í heild fer að treysta alfarið á vörur og þjónustu utan svæðisins, jafnvel erlendis frá, þá lækkar þjónustugildið í nærumhverfinu. Það kann að hljóma klisjukennt, en saman getum við spornað gegn þessari þróun og tryggt að þjónusta og lífsgæði haldist á landsbyggðinni.

#### Grænni valkostir á heimavelli

Viðskipti í heimabyggð hafa einnig verulegan umhverfislegan ávinning. Þegar við verslum staðbundið dregur það úr flutningsfjarlægð, eldsneytisnotkun og þar með losun gróðurhúsalofttegunda. Að auki hafa lítil, staðbundin fyrirtæki stundum minna umhverfisfótspor og tileinka sér sjálfbærari aðferðir, eins og að nota vistvæn efni og hráefni úr heimabyggð og að styðja hringrásarhagkerfið með endurnýtingu og endurvinnslu. Á móti koma stærri keðjur, sem

setja fjöldaframleiðslu í fjarlægum löndum og miklar umbúðir í forgang, oft á kostnað umhverfisins.

#### Félagshagfræðileg áhrif – samfélagið í forgang

Viðskipti í heimabyggð hafa líka mikil félagsleg og efnahagsleg áhrif. Í sumum tilfellum byggja samfélög á landsbyggðinni afkomu sína nánast alfarið á örfáum fyrirtækjum sem halda tannhjólunum gangandi. Viðskipti í heimabyggð skapa atvinnu, skila skatttekjum í formi útsvars, fasteignagjalda og styrkja til félagsstarfs. Þau laða einnig að sér nýja íbúa og sérhæfða starfskrafta, sem geta eftt atvinnulífið og samfélagið í heild.

#### Við getum litið ú tvö nærtæk dæmi

Sviðsmynd 1: Einstaklingur fær vinnu í verslun á Snæfellsnesi og flytur þangað með fjölskyldu sinni. Makinn, sem hefur færni sem samfélagið hefur skort, fær starf hjá sveitarfélaginu. Fjölskyldan tekur virkan þátt í íþróttastarfi og félagasamtökum, sem styrkir samfélagið enn frekar.

Sviðsmynd 2: Stórfyrirtæki kemur inn á svæðið og býður

upp á vörur sem áður voru seldar af rótgrónum fjölskyldufyrirtækjum. Með lægri verðum, meiri markaðssetningu og meiri sveigjanleika í fjárþörf hrekur það smærri fyrirtækin úr rekstri. Eftir nokkur ár breytist rekstrarstefna stórfyrirtækisins, störfum fækkar og fólk flytur á brott. Lífsgæðin í bænum dala og fjölbreytni atvinnulífsins minnkar.

**Viðlíka atburðarás er því miður kunnugleg í mörgum samfélögum á landsbyggðinni.**

Á síðustu árum hefur

störfum fækkað hjá opinberum stofnunum, bönkum og tryggingafélögum á Snæfellsnesi, en þrátt fyrir það býr svæðið enn við gott úrval smærri verslana og þjónustu þó eitthvað hafi verið um breytingar eða lokanir. Þessar staðbundnu verslanir bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval og þjónustu sem er aðgengileg í næsta nágrenni, sem styrkir bæði samfélagið og efnahag svæðisins. Smærri aðilar, eins og bakarí, veitingastaðir, byggingarvöruverslanir og prentþjónusta veita íbúum tækifæri til að versla án þess að þur-

fa að fara langar leiðir. Ef þessi fyrirtæki fá stuðning frá íbúum, eru þau mikilvægur hlekkur í lífsgæðum á svæðinu og stuðla að atvinnu, þjónustu og sjálfbærni á staðnum.

### **Að standa vörð um heimabyggðina**

Viðskipti í heimabyggð eru ekki aðeins spurning um hagkerfi – þau snúast um lífsgæði, samfélagsanda og framtíðarsýn. Með því að velja staðbundna þjónustu og vörur eflum við atvinnulífið en um leið eflum við samfélagið og lágmörkum umhver-

fisáhrif, sem færir okkur nær sjálfbærara samfélagi. Á endanum er það okkar ákvörðun: Viljum við styðja nærumhverfið okkar – eða færa völdin í hendur stórfyrirtækja sem hafa engin tengsl við samfélagið? Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur. Bíðum ekki með að velja verslun og þjónustu í heimabyggð, því við gætum lent í þeirri stöðu að hafa ekki það val!

*Guðrún Magnea  
Magnúsdóttir,*

*Höf. er verkefnastjóri  
EarthCheck vottunar á  
Snæfellsnesi*

## **Sundlaugin opin og framkvæmdir ganga vel**



*Sundlaugargestir komast í sundlaug, vaðlaug og innilaug en framkvæmdir standa enn yfir við pottana.*

Fimmtudaginn 5. júní opnaði útisvæðið við Sundlaug Stykkishólms á ný eftir lokun vegna framkvæmda. Búið er að leggja nýtt snjóbræðslukerfi undir

hellulögn, frá klefum að vaðlaug en unnið er nú að því að standsetja nýju heitu pottana. Sem fyrr er allt kapp lagt á að klára framkvæmdina sem fyrst. Í sumar er einnig

gert ráð fyrir að saunaklefi og infrarauður klefi bætist við aðbúnað sundlaugarinnar. Sú aðstaða kemur í tilbúni einingu sem verður komið fyrir á sundlaugarbakkanum

þegar hún kemur. Ekki þarf að loka sundlauginni í tengslum við þá framkvæmd.

# Hátíðarhöld í Stykkishólmi

# 17. JÚNÍ 2025

**KL 8:00** - FÁNAR DREGNIR AÐ HÚNI

**KL 10:00-18:00** - SUNDLAUGIN OPIN OG FRÍTT INN

**KL 10:00** - OPIN CROSSFIT ÆFING Í REITNUM

**KL 10:00** - KRAKKAHLAUP Í HÓLMGARÐINUM

**KL 12:00-17:00** - SÖFN OPIN FRÍTT INN

**KL 12:30** - SKRÚÐGANAGA FRÁ TÓNÓ Í HÓLMGARÐINN

**KL 13:00** - HÁTÍÐARDAGSKRÁ Í HÓLMGARÐI

- Kaffisala kvenfélagsins
- Kór Stykkishólmskirkju
- Ritningalestur og Bæn
- Ávarp Fjallkonu
- Ingó Töframaður
- Tónlistaratriði
- Ræðumaður dagsins

**KL 14:30-17:00** - SKEMMTUNN BAKVIÐ REGUS

- Karnival Royal Rangers
- Hestamenn teyma undir börnum
- Tunnulestin

**KL 17:00** - FROÐURENNIBRAUT Í HÓTELBREKKUNI

